

Ár 2008, miðvikudaginn 13. ágúst, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dagsett 10. apríl 2008, þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð, meðal annars með tilliti til launakjara forstöðumanna hjá sambærilegum ríkisstofnunum. Í bréfinu sagði meðal annars að samþykkt hefðu verið ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Lögin fælu í sér aukin verkefni Jafnréttisstofu og mun meiri eftirlitsskyldu en áður. Tvö ný stöðugildi hefðu bæst við stofnunina og fjárveitingar aukist úr 40 milljónum í 60 milljónir, en auk þess afli Jafnréttisstofa fjár í gegnum evrópuverkefni. Í ríkisstjórnarsáttmála væru sterkar áherslur á jafnrétti kynjanna. Óskaði framkvæmdastjórinn eftir því að launakjör yrðu endurskoðuð í ljósi þess að umfang, starfsmannahald, verkefni og álag væri að aukast á Jafnréttisstofu.

II.

Með bréfum dagsettum 11. apríl 2008 var félags- og tryggingamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 23. apríl 2008. Var erindið ítrekað með bréfi til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dagsettu 16. maí 2008. Í svari ráðuneytisins dagsettu 10. júní 2008 sagði að það teldi rétt að kjararáð endurskoðaði laun framkvæmdastjórans í ljósi þess að umfang lögbundinna verkefna Jafnréttisstofu hefðu aukist og myndu aukast enn frekar vegna hinna nýju laga nr. 10/2008.

III.

Áðurnefnd lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla tóku gildi 6. mars 2008. Markmið þeirra er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Verkefni Jafnréttisstofu samkvæmt lögnum eru meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra, sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi, veita ráð og aðstoð í tengslum við jafnrétti kynjanna, koma ábendingum og tillögum um aðgerðir í tengslum við jafnrétti kynjanna á framfæri við stjórnvöld, auka virkni í jafnréttismálum, vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við aðra, vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði, leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast, breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna.

Í hinum nýju lögum er eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu gert skýrara en áður, heimildir hennar til öflunar gagna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum eru auknar í tilvikum þegar stofan hefur rökstuddan grun um brot á lögnum, hún hefur heimild til að fylgja eftir úrskurðum kærunefndar jafnréttismála, hún hefur eftirlit með því að fyrirtæki með meira en 25 starfsmenn geri jafnréttisáætlanir og hefur heimild til að leggja á dagsektir sé tilmælum hennar ekki sinnt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Með nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og aukinni áherslu á jafnrétti kynjanna hafa verkefni Jafnréttisstofu aukist og telur kjararáð því tilefni til endurskoðunar á launakjörum framkvæmdastjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2008 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 131, nú krónur 576.661. Að auki skal greiða honum 13 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir